

Sp. 734. Tillaga til þingsályktunar [388. mál]

um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Flm.: Óli Þ. Guðbjartsson, Albert Guðmundsson, Ingi Björn Albertsson,
Kolbrún Jónsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Hreggviður Jónsson,
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa milliþinganefnd, skipaða fulltrúum frá öllum þingflokkum á Alþingi, til þess að undirbúa frumvörp til laga um breytingu á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Undirbúningsvinna þessi verði unnin í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og enn fremur fulltrúa frá landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Sérstök áhersla verði lögð á að kanna hug manna til verkefnaflutnings frá ríki til stærri eininga en einstakra sveitarfélaga.

Greinargerð.

Sem kunnugt er hefur verið ákveðið að fresta afgreiðslu frumvarps um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á þessu þingi.

All margar sveitarstjórnir hafa sent þingmönnum ályktanir sínar af þessu tilefni og víðast kemur þar fram veruleg óánægja með skerðingu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Af því má ætla að margir telji óeðlilegt að nota Jöfnunarsjóðinn þannig sem eins konar skiptimynt í þessu efni.

Hvað sem um það er má augljóst vera að frekari undirbúnings er þörf ef takast á að þoka máli þessu til betri vegar á næsta þingi. Víðtæk samstaða um nær allt þjóðfélagið virðist þar raunar algjör forsenda. Í þeim tilgangi er tillaga þessi til þingsályktunar flutt.